

Wm Booth, stofnandi og yfirforingi hjálpræðishersins. Aldur hans var orðinn mikill, full 83 ár, og um þann langa dag, helgaði hann neyðinni og mannlegri eynd alla sína þjónustu. Fyrir æfi þess eins manns, fær enginn tölu á komið hve mörgum bágstöddum hann hefir orðið að liði, hve mikil spilling, synd og sérgæði hefir verið máð á burt. Því hvað sem annars má segja um hjálpræðisherinn hefir hann verið líknarstofnun, ólýsanleg og óviðjafnanleg í sögu mannkynsins.

Tveir þjóðhöfðingjar hafa og ent æfi á þessu ári. Vor góðfrægi og vinsæli Friðrik konungur 8., er einstakur var í hópi konunga, engan óvin átti, en tvær þjóðir að vin. Þjóðirnar báðar er hann ríkti hjá. Enda var lýðsinni hans meira en konungsinn. Og keisari Japans. Sá meðal konunga þeirrar þjóðar er til þessa hefir mest gjört til þess, að hefja land sitt og þjóð. Er sá orðstír goður fylginautur til grafar, jafnt konungi sem kotungi og varanlegastur þó tímar breytist.

Er það því svo með þetta ár sem hin er á undan hafa farið, að það skilur oss eftir að ýmsu ríkari, og að sumu fátækari og hryggari en vér vorum, er það kom til vor. Ríkari að því sem unnist hefir til gagns og bóta, en fátækari og hryggari við burtför þeirra er vér fegin vildum að tefja hefði mátt lengur, sumir til að vinna það verk áfram er þeir höfðu sér kosið, aðrir til þess að strá ljósinu, gleðinni og ánægjunni á ófarna veginn, er á stundum er dapur og myrkur. En um það ber ei að sakast. Vér þökkum og fögnum því sem gefst, en fellum tár yfir því sem tapast og hverfur.

Hvert ár réttir lýðum skuldar skjöld, skilur eftir gróf hjá gróf, en það gerir og líka meira. Við hvert það hús sem það brýtur niður og fellir byggir það framtíðar höll, yfir vonir og ákvarðanir þeirra, sem hefjast leiðar með því að taka við að lifa þegar hinir hallast þreyttir til svefns með byrðina í svæfils stað. Og yfir því ber jafnan að fagna. Áfram, áfram rennur straumur tímans, áfram og upp á við færast mannkynið gegnum elskuna til þess göfuga og háa, gegnum baráttuna við lífið og dauðann.

En stærsti vinningurinn við hvert liðið ár er hverjum einstökum sá, að geta horft til baka og fundið með vissu, að á því ári höfum vér ekki hrundið frá oss vinum né brugðið vinmálum. Og yfir þetta liðna ár vona ég að vér getum öll litið svo. Og um hið tilkomanda vona ég vér fáum svo ferðast að vér hrindum ei frá oss hönd guðs eða manna. Enda er það, það eina er veitt fær oss gleðilegt ár.

“Láttu guðs hönd þig leiða hér, lífsreglu halt þá beztu”,